# TJARNAVIRKJUN II Í EYJAFJARÐARSVEIT
## FORNLEIFASKRÁNING VEGNA VIRKJUNAR Í EYJAFJARÐARÁ



**Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir**
Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Orri Vésteinsson

**Reykjavík 2026**
FS1110-26141

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

*Á forsíðumyndinni er horft til suðvesturs yfir flúðir í Eyjafjarðará innst í Eyjafjarðardal. Handan árinnar er vegur á Eyjafjarðarleið F821 sem liggur að Laugafelli. Myndina tók Kristborg Þórsdóttir.*

Verknúmer MÍ: 3622

©Fornleifastofnun Íslands 2026
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

## Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar á áhrifasvæði Tjarnavirkjunar II í Eyjafjarðará. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir Tjarnavirkjun ehf. Rannsóknarsvæðið er í landi Tjarna innst í Eyjafjarðardal og þjóðlendu inn af því sem áður tilheyrði kirkjujörðinni Hólum. Farið var á vettvang um miðjan ágúst 2026 og voru skráðar 16 fornleifar á fjórum stöðum. Af þeim eru sex fornleifar innan eða fast við áhrifasvæði framkvæmdanna. Þær eru skilgreindar í hættu eða mikilli hættu vegna framkvæmda þó að líklega sé hægt að komast hjá raski á þeim flestum. Tíu aðrar fornleifar voru að auki skráðar vegna nálægðar við úttektarsvæðið og sambands þeirra við minjar sem lenda innan svæðis.

*Efnisorð: fornleifaskráning, Eyjafjarðardalur, Eyjafjarðará, Tjarnir, úthagaminjar, Hólasel, Klaufárgerði, vatnsaflsvirkjun*

## Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted in August 2026 in an assessment area within the property of the farm Tjarnir and public lands further inland, in the southernmost part of Eyjafjarðardalur, North Iceland. The survey was carried out by The Institute of Archaeology in Iceland on behalf of Tjarnavirkjun ehf. as part of the preparation for the construction of a hydropower plant on the Eyjafjarðará river. During the survey, a total of 16 archaeological sites were surveyed in four locations. Of those, six sites are within or right next to the assessment area. They are considered at risk or high risk of being affected by building construction, although many of them could be spared if the necessary precautions are taken. The additional ten sites were surveyed since they are very close to the assessment area and connected to sites that are within it.

*Keywords: detailed archaeological survey, Eyjafjarðardalur, Eyjafjarðará, Tjarnir, outfield sites, Hólasel, Klaufárgerði, hydropower plant*


## Efnisyfirlit

**1. Inngangur.....7**
**2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....9**
**3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....11**
**4. Fornleifaskrá.....13**
EY-369 Tjarnir.....13
EY-373b Hólar (Eyjafjarðardalur).....25
**5. Niðurstöður.....27**
**6. Heimildaskrá.....29**
**7. Minjakort.....31**

## 1. Inngangur

Fyrirhugað er að reisa vatnsaflsvirkjun innst í Eyjafjarðardal í landi Tjarna og í þjóðlendu þar sunnan við, sem áður tilheyrði kirkjujörðinni Hólum. Tjarnavirkjun ehf. óskaði eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér að skrá fornleifar innan áhrifasvæðis virkjunarinnar en stofnunin hafði áður unnið aðalskráningu á svæðinu.[1] Vettvangsvinna fór fram við kjöraðstæður um miðjan ágúst 2026 og var unnin af Kristborgu Þórsdóttur og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, fornleifafræðingum. Kristborg ritaði einnig skýrslu þessa og sá um kortagerð.

Mannvirkin sem fyrirhugað er að byggja í tengslum við virkjunina í Eyjafjarðará verða á austurbakka árinnar en stífla og uppistöðulón ná yfir á vesturbakkann. Á rannsóknarsvæðinu er víðast vel gróið valllendi og mýrlendi en einnig grýttar framburðarkeilur þveráa og uppblásin holt. Úttektarsvæðið var 4,8 km að lengd og víðast 30 m breitt en allt að 120 m breitt á tveimur stöðum (við Stóruskriðu og Klaufá) þar sem gert er ráð fyrir mögulegum efnisnámum.




*Úttektarsvæðið í Eyjafjarðardal á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Staðsetning þess er sýnd sem rauður punktur á innfelldu Íslandskorti frá Náttúrufræðistofnun.*

1 Almenn fornleifaskráning var unnin fyrir þessar jarðir um aldamótin 2000 og þá var talað við heimildamenn á svæðinu. Skráningin er varðveitt í handriti hjá Fornleifastofnun Íslands en hefur ekki komið út í skýrslu.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru heimildaskrá og  minjakort.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum um menningarminjar víðtæk. Samkvæmt 3. grein laganna teljast fornleifar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

**a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
**b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
**c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
**d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
**e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

**f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
**g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
**h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
**i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Frá ystu mörkum allra fornleifa er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

## 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Á vettvangi var gengið á þekkta staði innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og allt svæðið gengið skipulega í leit að áður óþekktum minjum.


Hverjum minjastað tilheyrir ein eða fleiri fornleifar sem mynda minjaheild. Við skráningu á afmörkuðum reitum, svo sem við deiliskipulag eða fyrirhugaðar framkvæmdir er alltaf leitast við að skrá allar fornleifar innan hverrar minjaheildar, jafnvel þó að einhverjar þeirra séu strangt til tekið ekki innan þess svæðis sem verið er að taka út hverju sinni. Er það gert til þess að samhengi fornleifanna innan heildarinnar glatist ekki og hægt sé að leggja mat á eðli og gildi minjanna. Dæmi um slíka minjaheild er Hólasel, sem skráð var í þessu verkefni. Innan heildarinnar eru 13 fornleifar en aðeins þrjár þeirra eru innan eða nógu nálægt mörkum úttektarsvæðisins til þess að þær teljist í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Á hverjum minjastað eru ein eða fleiri fornleifar (minjaeiningar) og hver þeirra fær tveggja stafa einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001.01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar eða þess svæðis sem er til rannsóknar hverju sinni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar, auðkennisnúmer og sérheiti ef eitthvert er. Þá koma fram upplýsingar um staðsetningu minjastaðarins og aðstæður. Lýsingar á þeim fornleifum sem tilheyra minjastaðnum koma þar fyrir neðan en allar fornleifar fá sitt auðkennisnúmer og eru flokkaðar eftir tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki er eiginlegt mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allar fornleifar eru greindar til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða fornleifar í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með GPS-tæki af gerðinni Juniper Archer 4 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli




*Allar uppmælingar eru skilgreindar með tilliti til byggingarefnis eða eðlis minjanna. Kortalykillinn hér fyrir ofan gildir bæði fyrir einstaka minjauppdrætti í skýrslunni og minjakort aftast í henni.*

fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Neðst í umfjöllun um fornleif er lagt mat á þá hættu sem hún kann að vera í, hvort sem hún er viðvarandi eða tímabundin. Allar minjar sem skráðar voru innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda, að hluta eða öllu leyti, eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá raski á þekktum minjum innan svæðisins ef tillit er tekið til þeirra við hönnun og staðsetningu mannvirkja.


Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem skráðar voru í tengslum við úttektina. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

## 4. Fornleifaskrá

**EY-369 Tjarnir**
40 hdr. **1712**. Bændaeign. JÁM X, 256. Getið í Víga-Glúmssögu. ÍF IX, 36. 14.3.**1375** eiga Hólar selför í Tjarnalandi svo mörgu fé sem heima að Hólum fæðist, þremur kúm og hrossi. DI III, 295. 30.4.**1446** eru Tjarnir meðal þeirra peninga er Margrét Vigfúsdóttir kjöri í fjórðungsgjöf sína eftir Þorvarð Loptsson mann sinn. DI IV, 677. 6.5.**1446** eru Tjarnir meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum. DI IV, 678. 10.8.**1447** skipar Kristófer konungur Tjarnir og fleiri jarðir undir hirðmann sinn Pétur Pétursson nema að Margrét Vigfúsdóttir eða börn hennar sýni með lögum að Þorvarður Loptsson hafi átt þær. DI IV, 706. 18.9.**1501** lætur Þorvarður Erlendsson Tjarnir fyrir 40 hdr. ásamt fleirum í skiptum fyrir jarðir Gríms Pálssonar. DI VII, 583, sbr. DI VIII, 322. 2.6.**1546** gefur Þorleifur Grímsson Grími syni sínum Tjarnir með 6 kúgildum. DI XI, 465. 2.9.**1560** er Tjörnum, 40 hdr, skipt í hlut Sigríðar heitinnar Þorleifsdóttur af arfi Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans. DI XIII, 521.
Tjarnir eiga Eyjafjarðardal austanmegin fram að Klaufá. 1802 eru Márstaðir og Stigagerði taldar eyðihjáleigur og þá er talinn afréttur fyrir lömb frá 4 bæjum. JJ, 302. Granastaðir 016 er fornbýli frá 10. öld sem grafið hefur verið upp í Tjarnalandi af Bjarna F. Einarssyni (1994). Hálendismörk eru látin vera um Glerá þ.e. sunnan við Granastaði. Stór spilda norðan af Tjarnalandi var seld undir Halldórsstaði fyrir miðja 20. öld. Þar sem gömlu merkin voru er nú skurður, milli íbúðarhúss og fjóss á bæjarstæði Halldórsstaða. Samkvæmt örnefnalýsingu eru þetta þó ekki upphafleg merki. Tjarnir hafa keypt s.k. Partsengi eftir að Halldórsstaðir fóru í eyði á 17. öld. Merkin hafa þá verið fast norðan við Engjahól og Stigagerði.
**Landkostir** 1917: 7,6 ha. Túnakort. 1990: „Túnið er að miklu leyti flatt og samfellt. Milli bæjarhóls og fjalls er allbreið landspilda, grösug og mjög deiglend. Norðan við túnið eru Tjarnarhólar.“ BE 1990, 926. Gamla túnið austan og sunnan við bæinn hefur ekki verið sléttað og eru miklar ójöfnur í því. Mest af gamla túninu var á sama hólbunka og bærinn stendur á. Þó náði það niður á flata velli norðvestan við og út að Eyjafjarðará. Það svæði gæti hafa verið náttúrulega slétt og harðlent, en líklegra er þó að það hafi verið sléttað sbr. að þar var gerð sáðslétta 1849 (sbr. 013). Austan og sunnan við túnið - allt að Gleráreyrum eru mýrarflæmi sem að hluta voru á veituengi (sbr. 012) og hafa nú verið ræst fram þó að þau séu að miklu leyti enn blaut. Talsvert valllendi er einnig í kringum Stigagerði nyrst í Tjarnarhólum.

### **EY-369:019** *Hólasel* — sel
„Neðanvert við Svörtu-Hryggina [sem eru sunnan Moldbrekkna sem eru aftur suður og upp frá Mónum] og suður með ánni eru Selskálarhólmar og Selskálarhóllinn suður og upp af þeim. Selgrundin er suður og fram af hólnum. Syðst og neðst á grundinni eru tveir hólar, sem heita Selhólar. Þar var sel frá Hólum [EY-373]. Selskálareyrar eru þar meðfram Eyjafjarðará,“ segir í örnefnalýsingu.
Hólasel er um 2,6 km sunnan við Granastaði 018 en 22 km sunnan við Hóla, bæinn sem selið var frá. Selið er heldur sunnar en syðsti taumur Hafrár, sem er andspænis í dalnum. Um 200 m norðan við selið er stór melhóll neðarlega í fjallshlíðinni (Selskálarhóll) og er selið á melhólsbrún þar sunnan og neðan við, um 30 m frá austustu kvísl Eyjafjarðarár. Árið 1712 áttu Hólar „Selstöðu með haga fyrir ásauð, sem elst í Hólum, iii kýr og 1 hest í stokki í Tjarnarlandi, hefur áður brúkast, en nú ekki í nokkur ár.“ Í Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu frá 1889 segir: „Hólar eiga frija betalingslausa selstöðu til allrar brúkunar á dalnum fyrir heiman ... Klaufá, þar sem hentast sýnist, allt heim að Glerá. Samkvæmt þinglesnum sáttagjörningi frá 1. júlí 1882.“ Hólssel var fyrst skoðað af Bjarna F. Einarssyni á 10. áratug 20. aldar í tengslum við




*Yfirlitskort sem sýnir fornleifar 01-13 í Hólaseli EY-369:019.*

fornleifauppgröft á Granastöðum. Bjarni tók þar fjórar könnunarholur (sjá nánar í umfjöllun um hverja fornleif). Niðurstaða þeirra var að minjarnar væru fornar og hugsanlega frá víkingaöld. Í sumum tilvikum innsiglaði gjóskulag úr Grímsvötnum frá 1332 minjarnar, en annars staðar voru merki um endurbyggingar ofan gjóskunnar. Í sumum af könnunarholunum voru jafnframt ekki til staðar gjóskulög sem nýta mætti til að varpa ljósi á aldur minjanna. Samkvæmt heimildum Bjarna F. Einarssonar var staðurinn nýttur allt fram á 20. öld.

Flestar tóftanna í selinu eru fremst á melhól ofan við áreyrar og í grasgefnum hvammi þar ofan við. Snarbratt er niður af hólnum og til vesturs. Ofan við er deiglendi en þurrara land ofar og sunnar. Umhverfis eru góðir beitarhagar, ofar hefur nokkuð grjóthrun verið úr fjallinu en það nær aðeins að litlu leyti inn á rústasvæðið. Hugsanlega hefur áður runnið lækur úr fjallinu skammt norðan við svæðið. Syðri tóftarþyrpingin er á flata, einnig á brún svæðisins, og lækkar land þar skarpt niður að áreyrum þar sem nú hefur verið lagður bílvegur.

Í eldri skráningu frá 1999 voru minjarnar skráðar undir einu númeri, en við skráningu árið 2026 var hverri fornleif gefið sérstakt kenninúmer, eins og núgildandi reglur kveða á um. Svæðið í heild er um 150 x 60 m að stærð, snýr norður-suður og þar voru skráðar 13 fornleifar. Svæðið skiptist í raun í tvær þyrpingar. Þyrping 1, sem er norðar, er 50–60 m í þvermál en þyrping 2 er ríflega 70 m sunnar og 32 x 16 m að stærð. Hugsanlegt er að um tvö aðskilin seljasvæði sé að ræða og að annað hafi tilheyrt Hólum en hitt mögulega Tjörnum eða Granastöðum.




*Minjasvæðið í Hólaseli séð úr lofti, horft til suðurs inn Eyjafjarðardal. Fremst á mynd er tóftaþyrping 1 og vinstra megin við bílinn er tóftaþyrping 2. Fallegur smyrill laumaði sér inn á myndina.*

Fram til þessa hafa tóftir á þessu svæði verið skráðar sem ein minjaheild og verður þeirri hefð haldið hér. Í þyrpingu 1 eru tíu fornleifar (019.01–07,

10–11 og 13) en í þyrpingu 2 eru þrjár fornleifar (019.08–09 og 12).


**EY-369:019.01** *Hólasel* — tóft — bússtaður A: 535594, N: 529763

Tóft 019.01 er umfangsmesta tóftin á minjasvæðinu og mætti kalla hana aðaltóft þess. Þar má gera ráð fyrir að íveruhús hafi verið. Tóftin er 17 m utan við úttektarsvæði vegna Tjarnarvirkjunar 2026 og helgunarsvæði hennar liggur fast utan marka þess. Undir tóftum 019.01 og 019.02 mótar fyrir rústahóli, sjá 019.13.



*Mynd sem sýnir rústahól 13, tóftir 01-03 og vörðu 10.*


Tóftin er 15 x 13 m að stærð og skiptist í fimm hólf. Hér verður hverju hólfi gefinn bókstafur til aðgreiningar. Vestar eru þrjú hólf (A, B og C) en tvö minni hólf (D og E) eru framan í, eða austan í, tóftinni. Að auki hefur síðar verið gert lítið mannvirki úr grjóti (F), líklega smalabyrgi, sem er nú alveg samanhrunið vestast í hólfi A. Sunnan við tóftina er einnig óljós dæld þar sem mögulegt er að mannaverk séu, t.d. heygeymsla. Tóftin er áberandi en á kafi í grasi. Hún má teljast algróin en þó sést glitta í grjót á stöku stað, sérstaklega í suðurvegg, innanvert í hólfi A, þar sem sjást 1–2 umför af grjóti. Hæð veggja utanmáls er mest um 1,2 m en víða um 0,6 m. Tóftin er heilleg nema hvað nokkuð hefur brotnað af suðvesturhorni hennar þar sem brekkubrúnin hefur færst að tóftinni. Syðsta hólfið, A, er vel greinilegt, 7,5 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op hefur verið á miðjum austurvegg þess. Eins og áður segir hefur suðvesturhorn hólfsins að nokkru brotnað en að öðru leyti eru vegghleðslur nokkuð heillegar og standa best í suðurvegg. Vestast í hólfinu er mannvirki F sem greinilega virðist yngra. Helst er talið að þar hafi verið smalakofi eða smalabyrgi, þótt mannvirkið sé nú samanfallið. Ytri brún veggja er þó regluleg og ferhyrnd. Mannvirkið er 2,2 x 1,7 m að stærð og snýr norður-suður. Sunnan við tóftina er dæld 5,2 x 1,5 m að stærð og samsíða tóftinni. Hugsanlegt er að þar hafi verið mannvirki eða athafnasvæði, mögulega heystæði. Fast ofan við hólf A er varða vestan við tóftina á hæðarbrúninni (sjá 019.10).



*Seltóft 019.01, horft niður og til vesturs á ljósmynd sem tekin var með dróna.*

Nyrðri hluti tóftarinnar er tvískiptur (hólf B og C). Hólf C er austar og er tæplega 3 x 1,6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á austurgafli þess og einnig á vesturgafli, yfir í hólf B. Hólf B er 3,5 x 2,1 m að innanmáli og er aðeins dýpra en hólf C. Hugsanlegt er að þar hafi verið geymt hey. Að framanverðu eru tvö lítil hólf. Nyrðra hólfið, E, er ferhyrnt og um 1,5 m í þvermál að innan. Við aðalskráningu árið 1999 var ekki gert ráð fyrir að op væri á hólfinu en líklegt virðist þó að op hafi verið syðst á austurgafli. Dæld er einnig í norðurvegg en líklega er þar fremur um hrun að ræða en op. Sunnar er annað lítið hólf, D, sem er sá hluti tóftarinnar sem teygir sig lengst til austurs. Hólfið er um 2 m í þvermál að innan. Op er á suðurvegg þess, í átt að opi á hólfi A, en mögulega hefur einnig verið op á austurvegg.
**Almennt hættumat:** hætta, vegna rofs
**Tímabundið hættumat:** engin hætta

**EY-369:019.02** — tóft — óþekkt A: 535588, N: 529778
Tóft 019.02 er um 8 m norðan við tóft 019.01, á sama rústahóli (019.13), en er þó ekki jafn framarlega á hólbrúninni og tóft 019.01. Nokkur stallur er milli hólbrúnarinnar og tóftarinnar og er tóft 019.02 sömuleiðis ekki alveg á háhólnum líkt og 019.01.
Tóftin er 15 x 11,5 m að stærð og er algróin. Hún snýr norður-suður og skiptist í 2-3 hólf. Vestar er aflangt hólf (A) sem hugsanlega hefur skipst í tvö rými. Einnig er mögulegt að um eitt hólf hafi verið að ræða og að vegghrun villi þar sýn. Hólfið er samtals 8 x 2 m að innanmáli. Op er á austurvegg þess, norðarlega. Vesturveggur tóftarinnar er veigamestur og mjög breiður,




*Tóft 019.02 sem hefur óþekkt hlutverk. Horft til norðausturs á ljósmynd sem tekin var með dróna.*

eða allt að 2 m á breidd. Hann er að talsverðu leyti grafinn inn í brekkuna og er hæstur veggja tóftarinnar, allt að 1,4 m þar sem mest er. Framan, eða vestan í tóftinni norðanverðri, er annað hólf (B) sem liggur lægra. Það er um 3 x 1,5 m að innanmáli og virðist hafa verið opið til suðurs. Í eldri skráningu er tóftinni lýst sem „fjárhúsi með gamla laginu“ og virðist ekki ólíklegt að sú hafi verið raunin þótt erfitt sé að fullyrða um hlutverk tóftarinnar án frekari rannsókna. Frá tóftinni er hugsanlegt að einhvers konar garðlag hafi legið í átt að tóft 019.01 og tengt svæðið milli tóftanna saman. Ummerkin eru hins vegar mjög óljós og ekki hægt að fullyrða að þar sé um eiginlegt garðlag að ræða. Hryggurinn er um 7 m langur, 1,5 m breiður og 0,2 m hár. Á stallinum vestan við tóftina má hugsa sér að hey hafi verið geymt, þótt eiginleg mannaverk séu þar illmerkjanleg. Bjarni F. Einarsson gerði könnunarskurði bæði austan og vestan í/við tóftina. Í skurðinum vestan við tóftina fannst Landnámslagið óhreyft um 70 cm neðan við yfirborðið. Austan í (við) tóftina var tekinn könnunarskurður niður á 2 m dýpi án þess að farið væri niður fyrir neðstu mannvistarlög. Ekki fundust gjóskulög í skurðunum sem gætu varpað ljósi á aldur

tóftar.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** engin hætta

**EY-369:019.03** — tóft — óþekkt A: 535606, N: 529763




*Sigin tóft 019.03, horft til austurs á ljósmynd sem tekin var með dróna.*

Aflöng tóft 019.03 liggur undan rústahóli 019.13, beint fram af seltóftinni 019.01. Tóftin gengur undan rústahólnum, liggur lægra en hann og nær út í deiglendið ofar.
Tóftin er fagurgræn og grasi gróin. Hún er 15 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og opin til austurs. Veggir hennar eru lágir og töluvert lægri en á tóftum 019.01-02, mest um 0,3 m á hæð. Þeir eru allt að 1,5 m á breidd en norðurveggurinn er á kafla alveg útflattur og breiðari en suðurveggurinn.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** engin hætta

**EY-369:019.04** — tóft — óþekkt A: 535634, N: 529751





*Tóft 019.04 (ásamt þúst 06). Á drónamynd er horft niður og til vesturs á minjar 04-07 og 11 sem eru í forgrunni.*

Óljós tóft 019.04 er um 30 m austan við tóft 019.01, allra efst eða austast á minjasvæðinu. Tóftin er á deiglendu svæði og mun óverulegri en tóftir 019.01-02 á rústahóli 019.13.

Tóftin er 8 x 8 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Syðra hólfið, A, er aflangt og 4,3 x 1 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur og er opið til austurs. Annað op er á norðurvegg þess og liggur yfir í hólf B, sem er hringlaga og ríflega 2 m í þvermál. Tóftin er grasi gróin og sigin og veggir eru mest 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin fékk númerið 9 á rústakorti Bjarna F. Einarssonar, sem tók könnunarskurð í hana. Í skurðinum sást aðeins Landnámslagið undir tóftinni en engin önnur gjóskulög komu í ljós sem varpað gætu ljósi á aldur hennar.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** engin hætta

**EY-369:019.05** — tóft — óþekkt A: 535619, N: 529749




*Tóft 019.05 (ásamt útflöttum tóftum 07 og 11). Á drónamynd er horft niður og til vesturs á minjar 04-07 og 11 sem eru í forgrunni.*

Tóft 019.05 er um 7 m vestan við tóft 019.04 en tæpum 20 m austan við tóft 019.01.
Tóftin er 7 x 5,7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og opin til suðvesturs. Norðausturveggur hennar er talsvert útflattur en aðrir veggir greinilegri, þó aðeins um 0,2 m á hæð. Tóftin er grasi gróin og aðeins greinilegri en þústirnar í kring, þótt hún sé einnig mjög sigin. Bjarni F. Einarsson gaf tóftinni númerið 7 en tók ekki könnunarskurð í hana. Hann taldi þó líklegt að hún tilheyrði eldra byggingarstigi á svæðinu.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** engin hætta


**EY-369:019.06** — þúst — óþekkt A: 535631, N: 529744




*Þúst 019.06 (ásamt tóft 04). Á drónamynd er horft niður og til vesturs á minjar 04-07 og 11 sem eru í forgrunni.*

Skammt sunnan við tóft 019.04 og ríflega 30 m austan við tóft 019.01 er óljós þúst.
Þústin samanstendur annars vegar af hringlaga þúst eða þúfnabarði og hins vegar af óljósum stalli út frá því, og var hvort tveggja mælt upp. Svæðið er samtals 7 x 3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Grasi gróin þústin er um 0,2 m á hæð. Við hana eru nokkrir steinar, líkt og víðar á minjastaðnum, hrun úr hlíðinni ofan við. Í eldri skráningu virðist aðeins hringlaga barðið hafa verið skráð. Líklega er þetta sama tóft og Bjarni F. Einarsson skráði sem tóft 4, þótt af uppdrætti hans mætti ætla að hún væri nokkru vestar. Bjarni tók skurð í tóft 4. Í honum fann hann tvö gólflög og hafði gjóskulagið G.1332 fallið á milli þeirra, um 30 cm neðan við yfirborð. Eldra gólflagið var um 5 cm undir gjóskulaginu og var hluti þess lagður steinhellum en undir þeim var svolítill blettur af viðarkolum. Bjarni taldi ljóst að húsið ætti uppruna sinn að rekja til víkingaaldar.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** engin hætta


**EY-369:019.07** — tóft — óþekkt A: 535624, N: 529753
Útflött tóft 019.07 er 5 m vestan við tóft 019.04 en rúmum 20 m austan við tóft 019.01.
Tóftin er hringlaga og ríflega 4 m í þvermál, þó örlítið lengri NNA-SSV




*Útflött tóft 019.07 (ásamt tóftum 05 og 11). Á drónamynd er horft niður og til vesturs á minjar 04-07 og 11 sem eru í forgrunni.*

en á þverveginn. Hún er óljós en hugsanlega er svolítil dæld í henni miðri. Tóftin er grasi vaxin og um 0,2 m á hæð. Hún er líklega sú sem Bjarni F. Einarsson gaf númerið 8. Hann tók ekki könnunarskurð í hana en taldi að hún tilheyrði eldra búsetustigi á svæðinu.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** engin hætta


**EY-369:019.08** — tóft — óþekkt A: 535608, N: 529653




*Tóft 019.08 (ásamt tóft 09), horft til suðurs á ljósmynd sem tekin var með dróna.*

Tóft 019.08 tilheyrir syðri tóftaþyrpingunni í Hólaseli og er um 95 m sunnan við tóft 019.01 á nyrðra svæðinu. Hún er 2-3 m ofar, eða vestan við, tóft 019.09.
Tóftin er einföld, um 5 x 4 m að stærð og snýr nærri norður-suður. Op er syðst á austurvegg. Dældir eru í veggjum á fleiri stöðum en þær eru líklega tilkomnar vegna hruns fremur en að þar hafi verið fleiri op. Tóftin er skýr og veggir hennar eru um 1,2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hún er grasi gróin.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-369:019.09** — tóft — bústaður A: 535604, N: 529647
Tóft 019.09 tilheyrir syðri tóftaþyrpingunni í Hólaseli. Hún er frammi á brekkubrún, um 3 m




*Tóft 019.09 (ásamt tóft 08), horft til suðurs á ljósmynd sem tekin var með dróna.*

vestan við tóft 019.08 og er margskipt.
Tóftin er 13 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin en á einum eða tveimur stöðum sér glitta í grjót. Veggir eru víðast um 0,4 m á hæð en suðurveggur er hæstur, allt að 0,8 m. Tóftin skiptist í þrjú eða fjögur hólf. Vesturhlið hennar virðist talsvert úr lagi færð og hefur hluti hennar hugsanlega hrunið niður brekkuna fyrir löngu. Allra nyrst er hólf A sem er sæmilega greinilegt og um 2-2,5 m á kant að innanmáli. Í eldri skráningu er það teiknað sem heilt hólf með opi syðst á austurvegg og kemur það vel heim við núverandi ummerki, nema að stór hluti vesturveggjar er ógreinilegur og hefur líklega fallið niður brekkuna. Sunnan við hólf A er hólf B. Austurveggur þess er nokkuð greinilegur, sérstaklega ytri brún hans, og norður- og suðurveggir eru einnig sæmilega skýrir. Innri brún vesturveggjar má jafnframt greina, sem og upphaf hans að sunnan. Norðarlega er hins vegar skarð í veggnum sem virðist fremur hafa myndast við hrun niður brekkuna en að þar hafi verið op. Sunnan við hólf B er enn eitt rými sem hugsanlega hefur verið tvískipt í hólf C og D. Að austanverðu er aflangt hólf C, 3,6 x 2 m að innanmáli. Op er nyrst á austurgafli þess. Vestarlega í hólfinu virðist vera milliveggur sem hefur skipt rýminu upp og er op nyrst á honum. Hólf D hefur þá verið í suðvesturhorni tóftarinnar. Vesturveggur þess er alveg horfinn og líklega hruninn niður brekkuna og því ekki hægt að átta sig á stærð hólfsins. Útlit tóftarinnar gæti bent til þess að þar hafi verið íveruhús í seli. Einnig er hugsanlegt að syðri tóftaþyrpingin hafi myndað sérstakt sel fremur en að um sé að ræða stök hús sem tilheyrðu nyrðri þyrpingunni.
**Almennt hættumat:** hætta, vegna rofs
**Tímabundið hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**EY-369:019.10** — varða — samgöngubót A: 535587, N: 529755



*Varða 019.10, horft til norðurs.*

Vörðuleifar eru greinilegar fast vestan við tóft 019.01, á hólbrúninni.
Varðan er við stóran stein og liggja leifar hennar meðfram norðausturhlið hans. Hugsanlega hefur varðan staðið á steininum en er nú vart meira en grjóthrúga. Vörðuleifarnar eru 1,5 x 0,9 m að stærð og um 0,8 m á hæð. Ummerkin eru greinileg en hugsanlegt er að eitthvað af grjótinu hafi verið tekið úr vörðunni og nýtt í smalabyrgið (hólf F í tóft 019.01).
**Almennt hættumat:** hætta, vegna rofs
**Tímabundið hættumat:** engin hætta

**EY-369:019.11** — tóft — óþekkt A: 535610, N: 529745




*Útflött tóft 019.11 (ásamt tóftum 05 og 07). Á drónamynd er horft niður og til vesturs á minjar 04-07 og 11 sem eru í forgrunni.*

Óljós, útflött tóft er um 12 m SSV við tóft 019.01 og 4 m vestan við tóft 019.05.
Tóftin er 4,6 x 2,7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,2 m á hæð. Þessi tóft er líklega sú sama og Bjarni F. Einarsson gaf númerið 6. Hann tók prufuholu í hana og kom niður á grjóthleðslur í veggjum sem voru innsiglaðar af gjóskulagi sem hann taldi líklega vera G.1332.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** engin hætta

**EY-369:019.12** — þúst — óþekkt A: 535610, N: 529669




*Þúst 019.12, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Óljós þúst, sem talin var mögulegt mannvirki, er tæpum 15 m NNA við tóft 019.09 og hefur því hugsanlega tilheyrt syðri tóftaþyrpingunni á svæðinu.
Ummerkin eru á mörkum þess að teljast sannfærandi mannvirki en fá hér að njóta vafans. Þústin er mjög ógreinileg af jörðu niðri en sést betur á loftmynd. Hún er 5,4 x 2,3 m að stærð og hefur líklega verið einföld og mögulega opin til vesturs, í það minnsta sést enginn veggur á vesturhlið hennar og raunar er allur norðvesturhlutinn mjög ógreinilegur. Þústin er aðeins 0,1-0,2 m hærri en umhverfið og er suðurhlið hennar skýrust. Hún er grasi gróin.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-369:019.13** — þúst — bústaður A: 535598, N: 529783




*Rústaholl 019.13 ásamt tóftum 01-03 og vörðu 10. Á ljósmynd sem tekin var með dróna er horft til norðurs.*


Svolítil uppsöfnun eða rústaholl er merkjanlegur á náttúrulegum melhólnum undir tóftum 019.01 og 019.02.
Hóllinn er 47 x 21 m að stærð og snýr norður-suður. Bratt er niður af hólnum til vesturs og norðurs en aðrar hliðar hans eru ógreinilegri. Á hólnum eru, sem fyrr segir, greinilegustu tóftir svæðisins, annars vegar stærsta seljatóftin, 019.01, og hins vegar útihús skammt norðan hennar, 019.02. Uppsöfnunin er 0,2-0,5 m á þykkt þar sem hún er mest undir tóftunum.
**Almennt hættumat:** hætta, vegna rofs
**Tímabundið hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM X, 260; LM E I, 174; Ö-Saur, 93; BFE, 105-106

## **EY-369:020** *Klaufárgerði* — býli

„Skammt sunnan Vaðhóls [021] eru grundir. Munnmæli herma, að þar hafi verið býli, sem Klaufárgerði hét, og þar sést vel fyrir tóftarbrotum. Klaufáin er rétt sunnan við Klaufárgerðið," segir í örnefnalýsingu. Í Söguminjaskrá í Saurbæjarhreppi segir ennfremur: "Um 7-8 km framan við Tjarnir (í afrétti Hóla) og sjást þar einhverjar tættur á grundum, milli Vaðhóls og Klaufár. …þar áttu hjón (utangarðsmenn) að hafa búið. Tóftin er ríflega 2,6 km sunnan við Hólasel 019. Hún er 400 m sunnan við Vaðhól, um miðja vegu milli hans og Klaufár. Tóftin er innan áhrifasvæðis Tjarnavirkjunar.
Tóftin er á flötu graslendi sem er í aflíðandi halla til vesturs. Af bakkanum er bratti niður að Eyjafjarðará, sem er um 65 m vestan við tóftina. Tóftin er neðarlega á allstóru vallendisstykki í þröngum dal.

**EY-369:020.01** *Klaufárgerði* — tóft — býli A: 535732, N: 527030
Tóftin er 15 x 11,5 m að stærð. Hún skiptist í tvö aflöng, samhliða hólf (A og B) og lítið hólf til hliðar, aftarlega, áfast nyrðra langhólfinu (C). Syðsta hólfið (A) er 7 x 1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og op er á því nyrst á vesturvegg. Norðan við það er annað áþekkt hólf (B) sem er 7 x 1,5-2 m að innanmáli, snýr einnig austur-vestur og er einnig með op norðarlega á vesturvegg. Ekki er óhugsandi að þessu hólfi hafi verið skipt en þó ólíklegra. Allra norðaustast er svo lítið hólf (C), 2-3 m á lengd (austur-vestur) en 1-2 m á breidd. Veggir eru víða 1,5-1,8 m





*Klaufárgerði 020.01, horft til vesturs á ljósmynd.*

á breidd en 0,4-0,5 m á hæð. Tóftin virðist örlítið niðurgrafin en hæð veggja mæld utan frá er aðeins 0,2 m. Óvíst er hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt og hún minnir meira á fjárhús heldur en býli.
**Almennt hættumat:** engin hætta
**Tímabundið hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Saur, 94; Söguminjaskrá, 15

## EY-369:025 — óþekkt

Aflöng tóft er vestast í norðanverðu lækjargili nærri austurbakka Eyjafjarðarár. Hún er 70 m SSV við Klaufárgerði 020 og 170 m norðan við Klaufá.
Lækjargilið er algróið og fremur stutt. Það dýpkar til vesturs þar sem lækurinn í því rennur út í Eyjafjarðará sem er stórgrýtt og straumhörð. Dálítill hvammur eða laut er framan og vestan við tóftina. Hár og brattur bakki er við ána framan og vestan við tóftina, ekkert undirlendi er á milli ár og bakka.

**EY-369:025.01** tóft — óþekkt A: 535705, N: 526955




*Tóft 025.01 er mögulega stekkjartóft frá Klaufárgerði. Horft til NNA á ljósmynd.*

Lyngi vaxin tóftin virðist vera tvískipt og er grafin inn í bakkann. Ekki eru því sýnilegir veggir á norður- og austurhliðum, aðeins kantur. Tóftin er 8,1x2,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyraop er inn í tóft í vesturenda og er þar komið inn í fremra og vestara hólfið sem er um 4,5


m á lengd og 1,5-1,7 m á breidd, lítillega sveigt til norðurs. Botn hólfsins er sléttur og hallar lítillega til vesturs. Óljóst op er á milli hólfa, syðst á lágum millivegg. Innra og austara hólfið stendur hærra, er 2x1,6 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Botn þess er flatur og sléttur. Kanturinn sem afmarkar norðurhlið fremra hólfs er um 1,5 m á hæð og í innra hólfinu er kanturinn á norður- og austurhliðum 0,6-0,7 m á hæð. Veggjahleðslur eru signar og ytri brún veggja ekki hærri en 0,1 m. Mögulega hefur komist rof að þeim sem síðar hefur gróið. Innri brún suðurveggjar er 0,3 m á hæð, nema fremst við dyr. Þar er veggurinn allhár (0,6 m) og 1-1,5 m á breidd. Mögulega er hluti hans náttúrulegur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að um stekk sé að ræða og er þá líklegast að hann hafi verið frá Klaufárgerði 020. Ekki útilokað að tóftin sé í raun náttúrumyndun en það virðist ólíklegt.
**Almennt hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Tímabundið hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-373b Hólar (Eyjafjarðardalur)**
Hólakirkja átti dalinn framan við Tjarnir og selland Arnarstaða. 14.3.**1375**: „[Hólar eiga] þar med eyiafiardardal fram fra klifsaa jardareign. eiga jardir lambarekstr utan fra gerdi oc upp til tiarna. oc eigi verit at talit þo at farit hafi eldri saudir.“ DI III, 295. **1712**: „Afrjett á staðurinn fram frá Tjarnalandi og botninn á Eyjafjarðardal. Þángað á Hóla kirkjusókn fyrir austan Eyjafjarðará skylduuprekstur fyrir afrjettartoll, brúkast stundum, stundum ei, sakir harðinda og grasleysis.“ JÁM X, 260. **1889**: „Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal að austan verðu árinnar fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýsumóta. Þess skal getið, að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará stendur framar en í miðju Stangarlækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. Nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda trippgarðinum að vestanverðu Eyjafjarðarár (þó eru undanskildir gamlir og grimmir graðfolar).“ LM E I, 173-74. Skv. landamerkjaskrá frá **1923** eiga Hólar dalinn upp að fjallsbrún að austan en að sýslumótum að vestan. LM E II, 75. Svína og Svínheiði örnefni á austanverðum Eyjafjarðardal framan við Klifsá og Klifsheiði. Fyrir framan Svínheiði heita Svínastallar, fram á móts við Sandá. „Örnefni þessi, sem við svín eru kennd, benda ótvírætt á, að þar hafi svín gengið fyrrum.“ LM E I, 62-63. Einnig Hafrá og Hafrárdalur vestanmegin á Eyjafjarðardal.

## **EY-373b:002** — landamerki
„Garðurinn er sunnan Klaufár og Hraunið er þar á nesi við ána á móti Syðra-Strangalækjargili,“ segir í örnefnalýsingu Saurbæjarhrepps. Í landamerkjalýsingu Hóla frá 1889 segir: „Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal að austan verðu árinnar fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýslumóta. Þess skal getið, að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará [sjá 005] stendur framar en í miðju Stangarlækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. Nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda trippagarðinum að vestanverðu Eyjafjarðarár.“ Grjóthlaðinn garður er á suðurmerkjum Tjarna, sunnan við Klaufá, innst í Eyjafjarðardal. Innan og sunnan við garðinn tekur við land sem tilheyrði áður Hólum en er nú (2026) þjóðlenda.
Garðurinn liggur ofan í eða fast norðan við syðsta farveg Klaufár sem er þurr. Norðan við

hann er Klaufárskriða og rennur Klaufá nú norðan við hana. Mikið grjót er í skriðunni, sem er hálfgróin, og í þurra farveginum sunnan við hana. Lyngi vaxið og gróið er inn á milli framburðar úr ánni og skriðuefnis.

**EY-373b:002.01** — garðlag — landamerki A: 535823, N: 526524




*Landamerkja- og vörslugarður 002.01. Á ljósmynd er horft til norðvesturs á neðsta hluta garðsins sem áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda liggur yfir.*

Garðurinn er um 220 m langur og liggur nokkurn veginn austur-vestur en fylgir náttúrulegum aðstæðum að nokkru leyti og er því ekki þráðbeinn. Neðsti og vestasti hluti garðsins er hlaðinn utan í norðurbrún árfarvegarins og sést innri (nyrðri) brún hans því óvíða þar. Þessi kafli er 50 m langur og á honum er garðurinn víðast 0,3-0,5 m á breidd og allt að 0,7 m á hæð (syðri brún). Hleðslan er mjög aflöguð en mest sjást 5-6 umför grjóts. Á einum stað mátti sjá glerflösku sem stungið hafði verið inn í hleðsluna, neðarlega. Þar sem þessum kafla sleppir tekur við 20 m langur kafli þar sem garðurinn er hruninn, óljóst má ef til vill greina neðstu steinana í honum en erfitt er að greina þá frá öðru grjóti sem þarna er. Ofan og austan við eyðuna í garðinum tekur við nokkuð stæðileg garðhleðsla langt upp í brekkur og er þá komið upp úr farveginum sjálfum. Þar er garðurinn tvíhlaðinn, 0,5-0,6 m á breidd. Hleðslur eru víða úr lagi gengnar en mesta hæð er 1 m og þar sjást 6 umför grjóts. Efst og austast verður garðurinn ógreinilegri. Þar er hann einhlaðinn og víða ofan á stórgrýti og björgum sem hrunið hafa úr fjallinu. Garðurinn virðist enda við stóra grjóthrúgu en ekki er ljóst hver upphafleg lengd hans hefur verið. Þessi efsti hluti garðsins kann að hafa verið endurhlaðinn á seinni árum og er hleðslan þar lítt vönduð.



*Glerflaska neðst í hleðslu, vestarlega í garði 002.01, horf til norðvesturs.*

**Almennt hættumat:** stórhætta, vegna landbrots
**Tímabundið hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Saur, 94; LM E I, 173-74.

## 5. Niðurstöður

Ekki er lengur búið á Tjörnum í Eyjafjarðardal en jarðarinnar er fyrst getið í heimildum í Víga-Glúms sögu sem talin er rituð á fyrri hluta 13. aldar.[1] Jörðin var hátt metin í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712[2] (40 hundruð) og kemur ekki á óvart að innan hennar hafi verið smábýli/hjáleigur en þekkt eru fornbýlin Granastaðir, Márstaðir og Stigagerði syðst. Minjar um býlið á Granastöðum eru friðlýstar og þar vann Bjarni F. Einarsson umfangsmikla fornleifarannsókn á 9. áratug síðustu aldar.[3] Leiddi hún í ljós að býlið var í byggð á 10. öld en ekkert er vitað um aldur hinna fornbýlanna eða hvernig sambandi þeirra var háttað innbyrðis og við Tjarnir. Líklegt verður að teljast að búseta á Tjörnum hafi einnig hafist mjög snemma, ekki seinna en á 10. öld.

Úttektarsvæðið í tengslum við fyrirhugaða vatnsaflsvirkjun er innst í landi Tjarna og á afréttarlandi þar sunnan við sem nú er þjóðlenda. Fáar fornleifar fundust innan þess og tengjast flestar úthaganýtingu. Kirkjujörðin Hólar er nokkuð utar á Eyjafjarðardal en Tjarnir. Henni tilheyrði afréttarlandið innan við Tjarnir og er **landamerkja- og vörslugarður EY-373b:002.01** á norðurmerkjum þess. Garðurinn er grjóthlaðinn, nær frá Eyjafjarðará og langt upp í fjallshlíðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda liggur þvert yfir hann. Í landamerkjalýsingu frá 1889 kemur fram að Hólar áttu einnig afnotarétt af svæðinu sunnan við grjótgarðinn að Glerá (við Granastaði). Á því svæði átti Hólajörðin selstöðu í landi Tjarna en elsta heimild um selið er í fornbréfi frá 1375.[4] Í **Hólaseli EY-369:019** eru nokkuð umfangsmiklar mannvistarleifar í tveimur þyrpingum. Öll minjaheildin var skráð á vettvangi til þess að hægt sé að leggja heildstætt mat á eðli fornleifanna, gildi þeirra og minjastaðarins í heild. Nyrðri þyrpingin er meiri um sig og þar eru 10 minjar, rústahóll með þremur tóftum og vörðu en að auki eru illgreinilegri tóftir suðaustan við hann. Þessi hluti minjaheildarinnar er allur utan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda. Þrjár tóftir eru í minni og syðri þyrpingunni, sú stærsta þeirra (019.09) er mögulega híbýli (önnur seltóft). Hún er að hluta innan áhrifasvæðis. Hinar tvær tóftirnar í þyrpingunni eru rétt utan þess en áhrifasvæðið nær inn á friðhelgað svæði í kringum þær (15 m frá ystu mörkum). Þegar Bjarni F. Einarsson var við rannsóknir á Granastöðum gróf hann könnunarholur í og við mannvirki í selinu. Ekki fékkst góð mynd af upphafi og þróun minjastaðarins en sumar þeirra minja sem þarna voru kannaðar reyndust eldri en gjóskulag úr Grímsvötnum frá 1332 og taldi Bjarni að selið gæti verið frá því seint á víkingaöld (fyrri hluta 11. aldar). Á milli Hólasels og Granastaða eru 2,6 km og hugsanlegt að selið hafi í fyrstu verið nýtt frá fornbýlinu þótt niðurstöður rannsóknarinnar hafi verið of óljósar til þess að hægt væri að færa sönnur á slík tengsl.

Auk þeirra þriggja býla sem nefnd voru hér að ofan er heimild um býlið Klaufárgerði innst í landi Tjarna. Þar eru munnmæli um byggð en hún hefur að öllum líkindum varað í

1 Jónas Kristjánsson 1956, bls. xlviii-xlix.

2 Bindi X, bls. 256.

3 *The Settlement of Iceland; A Critical Approach*, 1994.

4 *Diplomatarium islandicum/Íslenskt fornbréfasafn* (DI) III, bls. 295.

stuttan tíma og verið stopul. **Tóft EY-369:020.01** í Klaufárgerði er á miðju úttektarsvæði vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Tóftin er allstór og sigin en minnir frekar á tvístæð beitarhús en á bæjarhús. Mögulega voru byggð fjárhús á staðnum eftir að byggð lagðist af en einnig má hugsa sér að eldri hús á staðnum (beitarhús?) hafi verið endurnýtt til stuttrar búsetu án þess að miklar breytingar væru gerðar á skipulagi þeirra. Ekki eru fleiri sýnilegar minjar í Klaufárgerði en óljós ummerki um aflanga **tóft EY-369:025.01** er um 70 m SSV við það og hefur mögulega tengst því. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en til greina kemur að um stekk sé að ræða. Tóftin er við vesturjaðar úttektarsvæðisins og er að mestu leyti innan þess.

Við skráningu á áhrifasvæði Tjarnavirkjunar II voru skráðar 16 fornleifar á fjórum stöðum. Viðvarandi hætta steðjar að sex fornleifum vegna náttúruvár: fjórar fornleifar í Hólaseli eru í hættu vegna rofs (EY-369:019.01, 09-10, 13), tóft EY-369:025.01 er í hættu vegna landbrots og landamerkja- og vörslugarður EY-373b:002.01 er í stórhættu vegna landbrots. Af þeim 16 fornleifum sem skráðar voru eru aðeins sex taldar í tímabundinni hættu vegna framkvæmdanna, fjórar í stórhættu og tvær í hættu. Þær fornleifar sem eru að hluta eða öllu leyti innan áhrifasvæðis framkvæmdanna eru skilgreindar í stórhættu (EY-369:019.09, EY-369:020.01, EY-369:025.01, EY-373b:002.01) en þær sem eru rétt utan við eru skilgreindar í hættu (EY-369:019.08/12). Minjastofnun Íslands mun leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifarnar og hugsanlegar mótvægisaðgerðir. Allar þrjár minjarnar í Hólaseli sem eru innan eða rétt við úttektarsvæðið eru uppi á hæðarbrún og allar líkur á því að hægt sé að komast hjá raski á þeim ef aðgát er höfð á framkvæmdatímanum. Tóft EY-369:025.01 er í jaðri svæðisins og mögulegt að einnig sé hægt að komast hjá raski á henni ef hún er vel merkt. Tóftin í Klaufárgerði EY-369:020.01 er hins vegar á miðju úttektarsvæðinu og verður sennilega ekki hjá því komist að fyrirhuguð mannvirki (vegur og þrýstipípa) muni raska henni. Að sama skapi virðist óumflýjanlegt að rask verði á grjótgarði EY-373b:002.01 þar sem úttektarsvæðið liggur þvert yfir hann.

Hafa ber í huga að komi áður óþekktar minjar í ljós við jarðrask innan svæðisins skal stöðva framkvæmdir tafarlaust, hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

## 6. Heimildaskrá


*Útgefnar heimildir*

**BE 1990**=*Byggðir Eyjafjarðar 1990*. 1993. Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Akureyri.

**BFE**=Bjarni F. Einarsson. 1994. *The Settlement of Iceland; A Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage.* GOTARC Series B. Gothenburg Archaeological Theses No 4. Göteborgs universitet, Göteborg.

**DI**=*Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I–XVI. bindi. 1857–1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn/Reykjavík.

**ÍF IX**=Íslenzk fornrit IX. *Eyfirðinga sögur.* Víga-Glúms saga (1-98). 1956. Útg. Jónas Kristjánsson. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

**JÁM X**=*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Þingeyjarsýsla*. X. bindi. 1943. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

**JJ**=Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* 1847. [Án útgefanda], Kaupmannahöfn.

Jónas Kristjánsson. 1956. „Formáli“. Íslenzk fornrit IX. *Eyfirðinga sögur.* Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík, bls. v-cxix.

*Óútgefnar heimildir*

**LM E I**=Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu I. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri 0000 DC/1-1. Þjóðskjalasafn Íslands.

**LM E II**=Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu II. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri 0000 DC/2-1. Þjóðskjalasafn Íslands.


Söguminjaskrá, Eyjafjarðarsýsla. Helgi Hallgrímsson. Héraðsskjalasafnið á Akureyri.


Túnakort Tjarna 1917. Varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.


**Ö-Saur**=Örnefni í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. 1957. Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson hafa safnað og gefið út, Akureyri.

## 7. Minjakort

Minjakortin eru unnin ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.




Norðurhluti
N
EY-369:019
Þyrping 1
EY-369:019
Þyrping 2
0
200
400
600
800 m


Suðurhluti
N
EY-369:020.01
EY-369:025.01
EY-373b:002.01
0
200
400
600
800 m